



## Golfklúbburinn Dalbúi

**3. stjórnarfundur starfsársins 2018 haldinn að Bæjargili 109, Garðabæ, 11. apríl 2018.  
Fundur hófst kl. 17:00.**

Mætt: Bryndís Scheving form., Böðvar Schram,  
Eiríkur Þorláksson, Hafsteinn Daníelsson (varam.),

Forföll boðuð: Ásbjörn Sigurbjörnsson, Ragnhildur Bender (varam.)

### 1. Ráðning rekstraraðila:

Ásbirni falið að ræða við aðila sem hafði lýst áhuga á verkefninu, þ.e. miðað við slátt og aðra umsjón með vellinum í Miðdal.

Eiríki falið að ræða við rekstraraðila síðasta árs um hvort möguleiki sé á að hann taki að sér verkefnið að nýju, þrátt fyrir uppsögn samnings þar að lútandi.

Þriðji kosturinn er að stjórn ræði við syni ábúanda í Miðdal um verkefnið, þ.e. slátt og aðra umsjón með vellinum, en fram hefur komið að sá þeir kunni að hafa áhuga á verkefninu.

### 2. Samstarfssamningar við styrktaraðila:

Samstarfssamningar við styrktaraðila, þ.e. Grafíu stéttarfélag, Rafiðnaðarsambandið og VM félag vélstjóra og málmtæknimanna, voru undirritaðir á fundi 26. mars sl. og eru þeir efnislega á þeim forsendum sem ræddar voru á síðasta stjórnarfundinum. Í samningunum er kveðið á um ákveðinn fjölda sumarkorta til hvers þeirra og tilboð til félagsmanna þeirra við nýskráningar í GD (með þeirri viðbót að tilboðið nái einnig til maka) og að fyrir þetta greiði þessir aðilar 600.000 kr. hver til GD.

### 3. Afsal vegna golfskála:

Í þeim samningi sem gerður var 9. mars 2017 við Grafíu stéttarfélag, VM – félag vélstjóra og málmtæknimanna og Rafiðnaðarsamband Íslands um að þessir aðilar keyptu hluta í golfskála Dalbúa í Miðdal, var kveðið á um að þegar greiðslur hafi farið fram í samræmi við ákvæði samningsins skuli gefa út afsal til samningaðila að eignarhluta þeirra að golfskálanum í viðeigandi hlutföllum.

Umrætt afsal hefur nú verið undirbúið til undirritunar og verður gengið frá málinu á næstunni.

### 4. Heimasíða GD:

Heimasíða GD hefur verið í lamasessi frá því að hún eyddist í árás á vörsluaðila hennar fyrir nokkru, og þarf að koma henni af stað aftur með því að setja inn sem mest af upplýsingum, þ.e. almennum upplýsingum um klúbbinn, gjaldskrár, fréttum o.s.frv. – Stjórnarmenn hvattir til að

huga að hvaða viðbætur væri vert að setja á síðuna, og skilgreina þarf hvaða efni þarf að eiga heima á síðunni til að þjóna félagsmönnum og gestum sem best.

## 5. Verkefni vorsins vegna vallar og skála:

Ljóst er að fjöldi verkefna bíður vegna undirbúnings opunar vallarins í vor. Ákveðið að stjórn o.fl. mæti til undirbúnings helgina 5.-6. maí, og að undirbúinn verði vinnudagur félagsmanna 19. maí.

Athuga þarf hvað þarf að kaupa til vorverka (t.d. sand, áburð, fræ o.s.frv.), en meðal fyrirsjáanlegra verkefna má nefna að sópa flatir, hreinsa þær, sá í þær og sanda, klippa tré og runna, bera á pall við skála o.fl.

## 6. Mótaskrá 2018:

Tillaga að mótaskrá sumarsins 2018 lögð fram og samþykkt. Á dagskrá verða sex mót á vegum klúbbsins, og þarf stjórn að ákveða tímanlega hvaða stjórnarmenn beri ábyrgð á framkvæmd þeirra hverju sinni (mótsstjórn, verðlaun, o.s.frv.).

Þá var rætt um möguleika þess að endurvekja mótarið á föstudögum, en engar ákvarðanir teknar þar að lútandi.

## 7. Vinavellir:

Nokkrir vinavellir golfklúbbsins Dalbúa árið 2018 hafa verið staðfestir:

Golfklúbbarnir í Hveragerði, í Vík í Mýrdal, í Grindavík, á Akranesi og á Patreksfirði, og unnið er að því að fá staðfestingar á slíkum samböndum við klúbba á Hornafirði, Húsavík, Fellabæ, Seyðisfirði, og Norðfirði.

## 8. Önnur mál:

- Umsókn um niðurfellingu fasteignagjalda: Gjaldkeri upplýsti að erindis GD um niðurfellingu fasteignagjalda hafi verið fylgt eftir við sveitarstjórn Bláskógabyggðar og efnisatriði í öðru svari sveitarstjórnar leiðrétt í nýju bréfi, en ekki hafi borist frekari svör enn sem komið er. Var álit gjaldkera að vonlítið virtist að sveitarfélagið mundi verða við erindinu á þessu ári.
- Styrkir í boði frá UMFÍ: Formaður hafði gengið frá umsóknum um styrki sem eru í boði á vegum UMFÍ, m.a. vegna æskulýðs- og fræðslustarfs.
- Styrkur úr Íþróttasjóði: Ekki hafa borist upplýsingar um árangur umsóknar um styrk úr íþróttasjóði – en sótt var um styrk til viðhalds véla og tækja.
- Upplýsingabréf til félagsmanna: Formaður lagði til að almennt upplýsingabréf yrði sent til félagsmanna í maí mánuði þegar hægt væri að veita meiri upplýsingar um starfið sem fram undan væri í sumar.
- Innheimta félagsgjalda: Gjaldkeri upplýsti að innheimta félagsgjalda GD 2018 væri hafin og gengi vel í fyrsta áfanga.
- Dreifing upplýsingabæklinga: Stjórnarmenn munu annast dreifingu upplýsingabæklinga um klúbbinn og völlinn í sem flesta sumarbústaði umhverfis Laugarvatn.

Fleiri mál ekki tekin til afgreiðslu, og formlegum fundi slitið kl. 18:30.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn í upphafi maí til að skipuleggja starf sumarsins; stefnt er að því að þá hafi verið teknar ákvarðanir um rekstur vallar og skála í sumar.

Eiríkur Þorláksson ritaði fundargerð.